



Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. mars 2018
Tilvísun: 2018030267/50.12

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um frv.t.l. um breytingar á lögum um matvæli og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, mál 330 á þingskjali 441.

Vísað er í erindi nefndarsviðs Alþingis, dags 12. mars s.l. þar sem óskað er umsagnar um frv. t.l. um breytingar á lögum um matvæli og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), fer hér á eftir og fjallar eingöngu um breytingar á lögum um matvæli nr. 93/1995.

Almennt um frumvarpið:

Í frumvarpinu eru settar fram nokkrar athyglisverðar tillögur að breytingu að lögum um matvæli, sumar góðar en aðrar ekki eins góðar, að mati HER. Í sumum tilfellum skemma slæmar hugmyndir að útfærslu, sem settar eru fram í greinagerð með frumvarpinu, fyrir ágætis tillögu.

Athugasemdir við einstakar greinar:

1.gr.a.:

Hér er lagt til að heimilt verði að draga úr tíðni eftirlits hjá matvælafyrirtækjum sem hafa vottun frá faggildum aðila um að innra eftirlit fyrirtækjanna uppfylli kröfur laga og reglna. HER tekur undir þessa tillögu. Rétt er að áréttta að þegar heilbrigðisfulltrúar fara í eftirlit í matvælafyrirtæki fara þeir í heildstætt heilbrigðiseftirlit vegna hollustuhátta, matvælaöryggis og mengunarvarna en ekki eingöngu matvælaeftirlit. Sambærileg heimild hefur um árabíl verið í gjaldskrá HER en þar er heimild til að lækka eftirlitsgjöld ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem HER telur ganga lengra en reglur kveða á um.

HER leggur þó til breytingu á setningunni þannig að þessi heimild verði ekki eingöngu bundin við faggilda aðila heldur einnig opinberan eftirlitsaðila s.s. Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og að jafnframt verði gerð krafa um að matvælafyrirtækið hafi haft samning við sama vottunaraðilaum lengri tíma t.d. þrjú ár og að fyrir liggi staðfesting að innra eftirlitið uppfylli kröfur laga og reglna. Rétt er að minna á að ekki hefur verið góð reynsla af faggildum skoðunarstofum í matvælaeftirliti hér á landi. Ef vilji er til að efla slíka starfsemi þarf starfsumhverfi þeirra að vera traust og ein leið til þess er matvælafyrirtæki geri ekki skammtímasamninga við skoðunaraðila, heldur þurfi að gera samning við hann til lengri tíma. Það er mat HER að faggiltar skoðunarstofur nái ekki góðum grundvelli í rekstri og fagmennsku nema fyrir liggi, að starfsemin sé með rekstrargrundvöll um lengri tíma en fá ár



og treysti sér á þeim grunni til að afla nauðsynlegrar þekkingar og sérhæfðra starfsmanna, sem þarf til starfseminnar.

1. gr. b.:

HER gerir ekki athugasemdir við efni eða orðalag greinarinnar.

Það er hins vegar álit HER að umfjöllun um greinina í greinargerðinni með frumvarpinu sé full einskorðuð við það frammistöðumatskerfi sem Matvælastofnun hefur notað og vill benda á alls ekki megi einskorða þetta heimildarákvæði við það kerfi, því það er alls ekki sjálfgefið að það sé best til fallið að flokka frammistöðu matvælafyrirtækja né gefa neytendum besta mynd af því hvernig fyrirtækin eru að standa sig. HER hefur ákveðnar efasemdir um frammistöðuflokkunarkerfi Matvælastofnunar. Kerfið leggur of mikla áherslu á tíma í eftirliti eins og gagnrýnt var m.a. í úttekt ráðuneytisins á Matvælastofnun sbr. skýrslu um Matvælastofnun dags. 27.mars 2017. HER hefur á undanförunum misserum verið að afla sér upplýsingar um þau fjölmörgu mismunandi frammistöðuflokkunarkerfi sem eru í notkun víða um heim, t.d. Kanada, Englandi, Danmörku Noregi og einstökum sveitarfélögum í Svíþjóð. Þau eru í grunninn mjög frábrugðin þessu kerfi. Mikilvægt er að skoða betur hvað hentar eftirlitsstofnunum, eftirlitsþegum og almenningi best áður en tekin er ákvörðun um þetta atriði.

1. gr. c.: .

HER gerir ekki athugasemdir við efni eða orðalag greinarinnar.

1.gr.d.:

Hér er kveðið á um að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skuli skrá og birta upplýsingar um matvælaeftirlit með sama hætti og Matvælastofnun gerir á grundvelli þessara laga og reglugerða um þau efni sem settar eru samkvæmt lögnum. Við fyrstu sýn virðist þetta vera einföld krafa sem auðvelt ætti að vera að uppfylla. Í reynd er málið flóknara en svo og illframkvæmanlegt miðað við núverandi aðstæður. HER bendir á, að þegar heilbrigðisfulltrúi fer í eftirlit hjá matvælafyrirtæki þá er hann að fara í heilbrigðiseftirlit, ekki eingöngu matvælaeftirlit, þ.e. hann skoðar fleiri atriði en einungis þau sem matvælalögin fjalla um. Þetta er auðvitað til hagræðingar fyrir alla aðila. Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga er falið samkvæmt lögum að annast ekki einungis matvælaeftirlit heldur líka eftirlit með mengunar og umhverfismálum og hollustuháttarmálum og tóbaksvörnum. Yfirstjórn þess málaflökks er hjá annari ríkisstofnun Umhverfisstofnun (tóbaksvarnir heyra undir Velferðarráðuneytið), sem heyrir undir Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Rétt er að halda því til haga að Alþingi hefur í lögum um mengunarvarnir og hollustuhætti nr. 7/1998 m.s.b. sett ákvæði sem skylda eftirlitsaðila, m.a. heilbrigðiseftirlitssvæðin, til að birta niðurstöður eftirlits samkvæmt þeirri löggjöf. Ríkisstofnanirnar Matvælastofnun og Umhverfisstofnun hafa komið sér upp mismunandi skráningarkerfum sem „tala ekki saman“. Einnig er það, svo dæmi sé tekið, að stofnanirnar hafa ekki heldur komið sér saman um hvaða hugtök eigi að nota í eftirlitsskýrslum þegar eitthvað í starfsemi eða búnaði eða er varðar vörur sem uppfylla ekki kröfur viðkomandi löggjafar, þ.e. „athugasemd“, „alvarleg athugasemd“, „frávik“ og fleira. Ef skylda á heilbrigðiseftirlitssvæðin til að taka um skráningarkerfi Matvælastofnunar þá standa þau uppi með að þurfa að hafa annað kerfi til skráningar á öðrum þáttum heilbrigðiseftirlitsins og þarf væntanlega að uppfylla kröfur Umhverfisstofnunar til skráningar



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

og birtingar upplýsinga þ.m.t. eftirlitsskýrslna. Ljóst er að þetta myndi leiða til mikils kostnaðar fyrir heilbrigðiseftirlitssvæðin. HER er ósammála því mati sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að mestur kostnaður heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga við að taka upp kerfi Matvælastofnunar vegna þessa muni falla á ríkið vegna þess að stofnunin fari með yfirumsjónarhlutverk með matvælaeftirliti. Þetta er a.m.k. ekki í samræmi við upplýsingar sem hafa komið frá Matvælastofnun, en þar hefur komið skýrt fram að mikill kostnaður muni falla á heilbrigðiseftirlitssvæðin við að taka upp skráningarkerfi stofnunarinnar.

Að skylda heilbrigðiseftirlitssvæðin til að nota eitt skráningarkerfi frá Matvælastofnun og annað frá Umhverfisstofnun mun hvorki þjóna hagsmunum fyrirtækja né almennings þar sem það gæti orðið erfitt og flókið að fá upplýsingar um „**frammistöðu**“ matvælafyrirtækis (t.d. veitingastaðar,) og hvernig það uppfyllir kröfur matvæla- og mengunar- og hollustuháttalöggjafarinnar, ef leita þarf að upplýsingunum á mörgum stöðum. Almennigur vill fá upplýsingar um frammistöðu matvælafyrirtækisins á einum stað, t.d. hvernig veitingastaður af tegundinni veitingahús, sem viðkomandi heimsækir er raunverulega að standa sig og þurfa ekki að fara á einn stað til að sjá hvort eldhúsið og matvælin standist kröfur og síðan á hvort salerni, loftræsing, viðhald, meðferð úrgangs og fleira standist kröfur.

HER telur eðlilegt að Matvælastofnun og Umhverfisstofnun komi sér upp samræmdu skráningar og upplýsingarkerfi, sem heilbrigðiseftirlitssvæðin og þá í leiðinni allir aðrir eftirlitsaðilar í landinu gætu einnig notað til að skrá sitt eftirlit. HER telur jafnframt að jákvætt væri að skoða kosti þess að sameina þessar tvær stofnanir, hið minnsta eftirlitshluta þeirra og búin yrði til ein öflug eining á þessu stjórnarsýslustigi. Sú stofnun færi þá með yfirumsjón og eftirlit með heilbrigðiseftirlitinu, gerð leiðbeininga og samræmingu alls heilbrigðiseftirlits í landinu. Jafnframt ítrekar HER þá skoðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur að sem mest eftirlit skuli fært til heilbrigðiseftirlitssvæðanna frá yfirstofnunum. Einnig ætti að mati HER að skoða hvort hægt væri að færa yfirstjórn fleiri eftirlitsstofnana í þess einingu, t.d. Neytendastofu og Vinnueftirlit. Þá væri hægt að styrkja enn frekar eftirlitseiningar á landsbyggðinni með því að sameina eftirlit þessara aðila við heilbrigðiseftirlitssvæðin. Hvað þetta varðar er hægt að horfa til lausna hjá mun fjölmennari þjóðum t.d. í Hollandi og Englandi.

2.gr.a:

HER gerir ekki athugasemdir við efni greinarinnar en vísar til athugasemda við 1. gr.d. Ljóst er að samþykkt þessarar greinar mun leiða til aukinnar vinnu og kostnaðar hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

2.gr.b.:

Í greininni er verið að skylda opinberan eftirlitsaðila til að greina frá því að fyrra bragði ef ákvarðanir hafa verið teknar um:

- a) stöðvun eða verulega takmörkun á starfsemi matvælafyrirtækis
- b) sölustöðvun og innköllun á vörum
- c) áminningu og álagningu dagsekta.

Hvað varðar b liðinn þá eru nú þegar í matvælalögum ákvæði um að *matvælafyrirtæki* beri að upplýsa opinberlega ef matvara er hættuleg og sem það hefur dreift og sem fyrirtækið hefur ekki lengur umráðarétt yfir. Þannig er það skýrt að það er ábyrgð stjórnanda



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

matvælafyrirtækis að upplýsa almenning og opinberan eftirlitsaðila um þetta. Jafnframt er ákvæði í lögnum, um að ef stjórnandi matvælafyrirtækis geri þetta ekki að þá eigi opinber eftirlitsaðili að upplýsa neytendur. HER telur því að óþarfi að bæta þessu ákvæði aftur við matvælalögin. Ákvæði eins og hér er lagt til gæti líka hugsanlega vakið upp efasemdir stjórnenda matvælafyrirtækja um að þeir beri ábyrgð á upplýsingagjöfni skv. matvælalöggjöfni.

Dreifing matvöru getur líka verið stöðvuð (sölustöðvun) þó að varan sé ekki hættuleg, t.d. vegna þess að hún uppfyllir ekki ákvæði reglugerðar um merkingar á matvælum. Skýrt þarf að vera hver er tilgangurinn með að birta alltaf slíkar upplýsingar og leiðbeiningar að liggja fyrir til að tryggja samræmd viðbrögð eftirlitsaðila. HER, eitt og sér, gerir, svo dæmi sé tekið, athugasemdir við og takmarkar dreifingu á fleiri tugum matvara á hverju ári og mikil fjöldi birtinga gætu dregið úr árvekni neytenda þegar sendar eru út tilkynningar um hættulegar matvörur. Hins vegar væri eðlilegri leið að almenningur/neytendur gætu séð niðurstöður úr eftirliti eða samandregnar niðurstöður eftirlits á aðgengilegan hátt hjá eftirlitsskyldum aðilum en tilkynningar væri til þess fallnar að vara við.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Óskaf I. Sigurðsson
deildarstjóri

Afrit Samrit sent:

Afrit Samrit sent: